

## Yngstu flokkar FH á faraldsfæti

Yngstu flokkar FH í fótboltanum hafa látið að sér kveða um land allt í sumar enda gróskumikið starf unnið þegar kemur að framtíðarleikmönnum félagsins. Mikill fjöldi efnilegra krakka hefur æft af elju í allan vetur og herjað á helstu sumarmótin í krakkaboltanum.

Fyrstan ber að nefna hinn eldspræka 7. flokk drengja sem gerði góða ferð á Kaupþingsmótið á Akranesi þriðju helgina í júní. Um 50 FH-strákar tóku þátt í magnaðri fótboltaveislu á Skaganum, náðu þar mjög góðum árangri og voru félaginu til sóma jafnt innan vallar sem utan.

6. flokkur drengja gerði einnig víðreist og gaf yngra árið tóninn með því að leggja Laugarvatn undir sig í byrjun júní. Þar spiluðu rúmlega 50 FH-ingar í Vinamóti ásamt KR, Fjölni og Selfossi og áttu frábæra daga í geggjúðu veðri. Eldra ár flokksins skellti sér skömmu seinna til Eyja á sjálft Shellmótið og mætti til leiks með fimm frábær lið til keppni. Strákarnir sneru heim með Heimaeyjarbikarinn og Álseyjarbikarinn og áttu frábært mót sem lengi mun lifa í minningunni. Hópnun hlotnaðist einnig sá heiður að eiga leikmann í landsleik Shellmótsins, sjálfan stormsenterinn Örvar Eggertsson auk þess að varnarjaxlinn Gísli Þorgeir Kristjánsson var valinn í lið Shellmótsins á lokahófi mótsins.

5. flokkur drengja hefur gert góða hluti á Íslandsmótinu í sumar og unnið þar marga glæsta sigra. Strákarnir skelltu sér einnig norður á Akureyri í byrjun júlí og tóku þátt í N1-móti KA með alls átta keppnisið. Öll liðin spiluðu banvænan sóknarbolta sem skilaði fjölmörgum góðum sigrum. B- og D-liðin enduðu í fjórða sæti eftir mikla dramatík og önnur FH-lið voru einnig ofarlega á blaði á þessu fjölmennasta krakkamóti Íslands.

Ekki má gleyma 5. flokki kvenna sem þekktur er fyrir skothelda stemmingu enda hefur mikið fjölgað í flokknum undanfarið. Stelpurnar héldu á Þæjumót í Eyjum aðra helgina í júní þar sem þær fóru á kostum jafnt innan vallar sem utan. A-liðið okkar endaði í öðru sæti á mótinu, B-liðið í því fjórða og C-liðið gerði sér lítið fyrir og sigraði mótið. Árangurinn sem sagt magnaður hjá stelpunum enda voru þær vel studdar af fjölmörgum foreldrum.

6. flokkur kvenna hefur verið á blússandi siglingu undanfarið, iðkendur hefur fjölgað til muna og stemmingin hjá stelpunum urrandi góð. Þær náðu frábærum árangri á Hnátumótinu á Selfossi á dögnum og halda á stóru mótin á næstunni, Síamamótið í Kópavogi um næstu helgi og svo á Þæjumótið á Siglufirði í ágúst.

Enn eru ótalin fjölmörg verkefni, stór og smá, sem FH-ingar leggja í í sumar. Áhuginn og metnaðurinn hjá ungum FH-ingum er afar mikill og verður gaman að fylgjast með krökkunum okkar í framtíðinni.

### ÁFRAM FH!



**PEPSI  
DEILDIN**



**Laugardaginn 18. júlí**  
**Kaplakrikavöllur**  
**Klukkan 16.00**

### Næstu leikir:

Mfl. ka. : FC Aktobe - FH 22 júlí kl. 16.00  
Mfl.kv.: FH - Tindastóll / Neisti 24. júlí kl. 20.00

### Síðustu deildarleikir liðanna:

FH - Fylkir	3:2
Valur - FH	0:5
ÍBV - FH	0:3
ÍBV - Keflavík	2:2
Grindavík - Keflavík	1:1
Keflavík - Þróttur	3:2

### Markaskorarar:

#### FH:

Atli Viðar Björnsson	9
Matthías Vilhjálmsson	7
Tryggvi Guðmundsson	5

#### Keflavík:

Haukur Ingi Guðnason	4
Hörður Sveinsson	4
Magnús Sverrir Þorsteinsson	4

### Staðan í deildinni:

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
1 FH	12	11	0	1	35 - 8	27	33
2 KR	12	6	3	3	23 - 16	7	21
3 Stjarnan	11	6	2	3	26 - 15	11	20
4 Fylkir	11	6	2	3	21 - 13	8	20
5 Keflavík	11	5	4	2	20 - 17	3	19
6 Valur	11	6	1	4	15 - 19	-4	19
7 Breiðablik	11	4	3	4	16 - 17	-1	15
8 Fram	11	4	2	5	14 - 14	0	14
9 Fjölnir	11	2	2	7	13 - 23	-10	8
10 Grindavík	11	2	2	7	11 - 24	-13	8
11 ÍBV	11	2	1	8	9 - 21	-12	7
12 Þróttur R.	11	1	2	8	10 - 26	-16	5

### Aðrir leikir 12. umferðar

ÍBV - Fram
Fjölnir - KR
Grindavík - Stjarnan
Þróttur - Breiðablik
Valur - Fylkir

### Leikskráin:

#### Ábyrgðarmaður:

Pétur Ó. Stephensen

#### Umsjón með útgáfu:

Viðar Hrafn Steingrímsson



[www.prentun.is](http://www.prentun.is)

- öll prentun, stór og smá



1 Daði Lárusson	2 Alen Sutej
2 Alexander Toft Söderlund	3 Guðjón Árni Antoníusson
3 Dennis Michael Siim	4 Haukur Ingi Guðnason
4 Tommy Fredsgaard Nielsen	5 Tómas Karl Kjartansson
5 Freyr Bjarnason	6 Nicolai Jörgensen
6 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson	7 Jón Gunnar Eysteinnsson
7 Pétur Viðarsson	10 Símun Eiler Samuelsen
8 Davíð Þór Viðarsson	11 Magnús Sverrir Þorsteinsson
9 Tryggvi Guðmundsson	12 Árni Freyr Ásgeirsson
10 Matthías Vilhjálmsson	13 Einar Orri Einarsson
11 Atli Guðnason	14 Jóhann Birnir Guðmundsson
12 Gunnar Sigurðsson	15 Bojan Stefán Ljubicic
13 Guðni Páll Kristjánsson	16 Brynjar Örn Guðmundsson
14 Guðmundur Sævarsson	17 Bessi Víðisson
15 Aron Freyr Eiríksson	18 Magnús Þórir Matthíasson
16 Matthías Guðmundsson	19 Þorbergur Geirsson
17 Atli Viðar Björnsson	20 Bjarni Hólm Aðalsteinsson
19 Hákon Atli Hallfreðsson	21 Lasse Jörgensen
21 Björn Daniel Sverrisson	22 Magnús Þór Magnússon
23 Brynjar Benediktsson	23 Sigurbergur Elísson
24 Eiríkur Viljar H Kúld	24 Sigurður Gunnar Sævarsson
26 Viktor Örn Guðmundsson	25 Hólmar Örn Rúnarsson
27 Hjörtur Logi Valgarðsson	26 Viktor Guðnason
	27 Hörður Sveinsson
	28 Þorsteinn Atli Georgsson
	29 Stefán Örn Arnarson
	30 Pétur Elíasson

#### Þjálfarar FH:

Heimir Guðjónsson  
Jörundur Áki Sveinsson

#### Markvarðaðþjálfari:

Eiríkur K. Þorvarðarson

#### Dómari leiksins:

Jóhannes Valgeirsson

#### Þjálfarari Keflavíkur:

Kristján Guðmundsson